


Skólanámsskrá



ÁLFTABORG  
2025



Umhyggja - Virðing - Gleði

## Efnisyfirlit

|                                         |    |
|-----------------------------------------|----|
| Inngangur .....                         | 3  |
| Hlutverk leikskólans.....               | 6  |
| Stjórnun og forysta.....                | 7  |
| Meginmarkmið .....                      | 8  |
| Einkunnarorð og samskipasáttmáli.....   | 9  |
| Hugmyndafræði og sýn leikskólans.....   | 10 |
| Grunnþættir menntunar.....              | 11 |
| Yngstu börnin.....                      | 13 |
| Könnunarleikur.....                     | 14 |
| Námssvið Álftaborgar.....               | 16 |
| Dygðarmýs.....                          | 17 |
| Námssvið Álftaborgar.....               | 18 |
| Vínátta - bangsinn Blær.....            | 19 |
| Sköpun.....                             | 21 |
| Sögu og ljóðagerð.....                  | 26 |
| Heilbrigði og vellíðan.....             | 27 |
| Hreyfing.....                           | 28 |
| Hreinlæti.....                          | 29 |
| Máltíðir.....                           | 30 |
| Svefn og hvíld.....                     | 31 |
| Sjálfbærni.....                         | 32 |
| Vísindi.....                            | 33 |
| Læsi.....                               | 34 |
| Draumar.....                            | 36 |
| Bókasafnsferðir.....                    | 37 |
| Lubbi finnur málbein.....               | 38 |
| Sjálfsprottinn leikur.....              | 40 |
| Fagmennska.....                         | 42 |
| Menning og hefðir.....                  | 45 |
| Lýðræði, jafnrétti og mannréttindi..... | 46 |
| Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna.....   | 47 |
| Samstarfsfélagar.....                   | 48 |
| Tengsl milli skólastiga.....            | 49 |
| Sérkennsla .....                        | 50 |
| Fjölskyldan og leikskólinn.....         | 52 |
| Eru fjölskyldur alltaf eins?.....       | 53 |
| Mat á námi og velferð barna.....        | 54 |
| Innra og ytra mat.....                  | 56 |
| Stuðningsefni.....                      | 57 |



## Inngangur

Skólanámsskrá Álftaborgar er unnin af öllu starfsfólki Álftaborgar undir forystu leikskóla – og aðstoðarleikskólustjóra. Hún byggir á því starfi sem hefur verið í stöðugri þróun, vinnufundum kennara og barna og samstarfi við foreldra og nærumhverfið. Út frá lögum og reglugerðum um leikskóla, aðalnámsskrá og stefnumótandi samþykktum skóla- og frístundasviðs, ber hverjum leikskóla að móta sína skólanámsskrá. Í henni á að koma fram nánar hvernig uppeldis- og menntastarf er unnið, samskipti við börn, kennara, foreldra og samfélagið. Einnig á að fjalla um mat á leikskólastarfinu, því tryggja á að réttindi barna séu virt samkvæmt lögum um leikskóla.

Leikskólinn Álftaborg byggir á gömlum grunni þar sem hann hefur verið starfræktur síðan 12. janúar 1968 og telst því til elstu leikskóla í Reykjavík.

Reykjavíkurborg reisti húsið samkvæmt teikningu Þórs Sandholts, en reksturinn var upphaflega í höndum Barnavinafélagsins Sumargjafar. Á þeim tíma var leikskólanum lokað í hádeginu og foreldrar gátu valið um vistun fyrir börn sín annað hvort fyrir eða eftir hádegi.

Árið 1989 var byggt framan við húsið eftir teikningu Jóns Björnssonar arkitekts. Í viðbyggingunni var eldhús, skrifstofa leikskólustjóra, undirbúningsherbergi, kaffistofa kennara og íþróttasalur. Í kjölfarið rýmkaðist vistunartíminn og foreldrum stóð til boða að kaupa léttan hádegisverð fyrir börnin. Börnin gátu þá verið til kl. 13 og ákveðinn fjöldi til kl. 14. Árið 1998 voru gerðar frekari breytingar á rými leikskólans og fjölgaði þá börnum og vistunartími lengdist.





## Inngangur - frh.

Árið 2007 urðu þáttaskil í sögu Álftaborgar þegar starfsemin flutti í nýtt húsnæði sem byggt var að hluta til á lóð gömlu Álftaborgar og gæsluvallar sem hafði verið aflagður nokkrum árum áður. Nýja húsið teiknaði arkitektastofan Arkþing, SS verktakar sáu um byggingaframkvæmdir og Landmót hannaði garðinn. Húsið var formlega tekið í notkun 13. nóvember 2007.


Í Álftaborg dvelja 82 börn sem skiptast í fjórar deildir. Deildirnar heita: Lækjarhvammur, Merkisteinn, Hlíðarhvammur og Seljaland. Það eru nöfn á gömlum bæjum sem stóðu í grennd við leikskólann.

Rekstur og stjórn Álftaborgar fellur undir skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar (SFS). Sviðið starfar samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 ásamt reglugerðum er varða þau lög og samþykktir borgarráðs um sviðið. Áhersla er lögð á sjálfstæði hvers leikskóla til að móta sína uppeldisstefnu í samráði við foreldra, börn og kennara. Leiðarljós sviðsins er:

*Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu (Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, 2019).*







### **Snjór**

Hvítur.  
Taka snjó  
og setja í munninn.  
Hann er kaldur.  
Gera snjóengill.

Barn 2,8 ára





## Hlutverk leikskóla

*Menntastefna byggir á grunnstefjum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um að menntun barns skuli beinast að því að rækta persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu þess. Tilgangurinn er að búa börn undir að lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar og gagnkvæmrar virðingar, mannréttinda og vinsemdar (Menntastefna Reykjavíkur, 2019).*



Leikskólinn er fyrsta skólastigið og því upphaf formlegrar menntunar. Leikskólaaldurinn er mikilvægur tími náms og þroska. Þess vegna á að leggja alúð við að veita börnum hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og stuðla að öryggi þeirra og vellíðan. Leikskólinn Álftaborg starfar samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 og er þar m.a. lögð áhersla á að nám barna fari fram í leik og skapandi starfi og að þau njóti fjölbreyttra uppeldiskosta. Leikskólinn er fyrir öll börn, óháð andlegu og líkamlegu atgervi, menningu og trú.

Í leikskólastarfi fléttast saman menntun, uppeldi og umönnun í eina heild þar sem hverju barni er sýnd virðing og umhyggja. Áhersla er á það að börnin séu fullgildir þátttakendur í samfélagi leikskólans. Leikskólabörn eru ólík og ber að leggja áherslu á styrkleika þeirra og hæfni í starfi leikskólans, ásamt þörfum þeirra fyrir hvatningu, vernd og leiðsögn kennara.

## Stjórnun og forysta

Skólastarf í Álftaborg ber merki öflugs lærdómssamfélags undir forystu stjórnenda sem bera ábyrgð á skólastarfi og veita skólum faglega forystu.

Í Álftaborg samanstendur stjórnunarteymið af:

- Leikskólastjóra
- Aðstoðarleikskólastjóra
- Sérkennslustjóra
- Fjórum deildarstjórum

Stjórnendur bera meginábyrgð á því að menntastefna Reykjavíkurborgar og áherslur Aðalnámskrár leikskóla birtist í daglegu starfi.

Stjórnun skólans einkennist af þátttöku, samvinnu, virðingu og trausti í samskiptum við alla aðila skólasamfélagsins. Með stuðningi faglegrar forystu stjórnenda fær starfsfólk hvatningu til að gera markvissar og árangursríkar breytingar í leikskólastarfinu.



Stjórnun leikskólans byggir á lýðræðislegu samstarfi við börn, fjölskyldur og starfsfólk. Starfsfólk á frumkvæði að samtarfi við heimili með ólíkum leiðum sem taka mið af mismunandi þörfum, reynslu og menningu barna og fjölskyldna þeirra.

Skipulag skóla gerir ráð fyrir samvinnu starfsfólks, sveigjanleika í skipulagi, teymiskennslu og samþættingu námsgreina. Auk þess byggir skipulagið á fjölbreyttri samvinnu við börn þar sem hlustað er á raddir þeirra.





## Meginmarkmið

Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla eru að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku. Hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins, þannig að börnin fái notið bernskunnar. Stuðla að víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra, leggja grundvöll að því að börnin verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífældri þróun. Rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar, m.a. í þeim tilgangi að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta (Mennta- og barnamálaráðuneytið, 2024).





## Einkunnarorð & samskiptasáttmáli

### Virðing

Ávallt skal bera virðingu fyrir fólki, börnum, samstarfsfólki og umhverfinu inni og úti. Kennarar og starfsfólk eru fyrirmyndir barnanna og læra þau af þeim að sýna virðingu og setja mörk.

### Gleði

Mikilvægt er að gleði ríki og öllum líði vel í leikskólanum og samskipti við börn, kennara og annað starfsfólk séu jákvæð. Þannig verður andrúmsloftið þægilegt og óþvingað.

### Umhyggja

Umhyggja er stór þáttur í starfinu og er mikilvægt að byrja daginn á að taka vel á móti börnunum. Kennarar og starfsfólk eiga að sjá börnin, sýna þeim áhuga, hlusta á skoðanir þeirra og tillögur og mæta hverju barni á þeim stað sem það er. Kennarar og starfsfólk þurfa að geta sett sig í spor barnanna og leggja sig fram við að skilja sjónarmið þeirra.

Börn hafa ekki alltaf skilning á tilfinningum sínum og það er á ábyrgð kennara og starfsfólks að hjálpa þeim að átta sig á hvað er að gerast. Góðar fyrirmyndir kenna börnunum að sýna öðrum umhyggju. Umhyggja er að setja mörk.

### Samskiptasáttmáli

Kennarar og starfsfólk Álfþaborgar settu niður samskiptasáttmála sem var gerður á lýðræðislegan hátt. Hann nær til samskipta kennara sín á milli, við börn og foreldra. Við leggjum áherslu á að starfsfólk tileinki sér jákvæð samskipti sín á milli, við börnin og ekki síst við foreldra. Mikilvægt er að hafa ávallt í huga hvernig við tölum hvert við annað og börnin. Við erum fyrirmyndir. Það hvernig við orðum hluti við aðra eins og til dæmis í nýliðafræðslu getur skipt sköpum í samskiptum. Þegar verið er að fræða nýliða um starfshætti skólans og tilgang verkefna er gott að hafa í huga að orða hlutina á jákvæðan og faglegan hátt.





## Hugmyndafræði og sýn leikskólans

Stefna Álftaborgar er að vera með metnaðarfullt starf sem styrkir sjálfsmynd barna og stuðlar að því að þau verði virkir þegnar í lýðræðissamfélagi sem er í örri þróun. Náms sviðunum er fléttað inn í allt starf leikskólans, ásamt því að markvisst er unnið með þau í lífsleikni og menningu þeirra sem eru í leikskólanum.

Leiðarljós Álftaborgar í leik og starfi er að börnin njóti bernskunnar þar sem hugað er að vellíðan þeirra og öryggi.

Hugmyndafræði Álftaborgar styðst m.a. við kenningar fræðimannanna Loris Malaguzzi, John Dewey, Howard Gardner og Daniel Goleman í starfi sínu.

Þeir leggja allir áherslu á að leikskólinn eigi að veita hverju barni tækifæri til að;

1. Tjá hugsanir sínar og skoðanir þannig að það sé við stjórnvölinn í eigin lífi.
2. Axla ábyrgð á gjörðum sínum og sýna samhygð.
3. Skilja umhverfi sitt og bregðast við á lýðræðislegan hátt með því að taka þátt í mismunandi samskiptum og ákvörðunum.





## Grunnpættir menntunar

Grunnpættir menntunar eru læsi, sköpun, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sjálfbærni. Eiga þeir þátt í að viðhalda samfélaginu, breyta því og þróa og tengjast innbyrðis í menntun og skólastarfi og eru háðir hver öðrum. Þeim er einnig ætlað að undirstrika meginatriði í almennri menntun og stuðla að meiri samfellu í öllu skólastarfi og þegar skólastarf er metið þarf að skoða hvernig grunnpættirnir setja mark sitt á kennslu, leik og nám.

Grunnpættirnir byggjast á þeirri hugmynd að ekki geti orðið virkt lýðræði án læsis á hvers konar táknkerfi og samskiptakerfi samfélagsins. Þeir eru einnig byggðir á því að virkt lýðræði þrífist aðeins ef jafnframt er stuðlað að hvers konar jafnrétti milli einstaklinga og hópa í samfélaginu.

Mannréttindi allra verða ekki tryggð nema stuðlað sé að heilbrigði og velferð hvers og eins og baráttu gegn mismunun og hvers konar ofbeldi, þar með töldu einelti.

Sjálfbærni snýst um samspil umhverfis, efnahags, samfélags og velferðar. Þannig er óhugsandi að unnt sé að stuðla að mannréttindum án þess að jafnframt sé leitað eftir sjálfbærni og jafnvægi í þróun samfélagsins.

Sjálfbærni er einnig háð því að hugað sé að jafnrétti þjóðfélagshópa. Menntun til sjálfbærni, jafnréttis, lýðræðis- og mannréttinda miðar að því að börn og ungmenni skilji samfélagið eins og það er og hefur þróast. Jafnframt miðar þessi menntun að því að börn og ungmenni verði fær um að taka þátt í að móta samfélagið og öðlist þannig sýn til framtíðarinnar og hugsjónir til að beita sér fyrir. Sköpun er nauðsynlegur þáttur í allri menntun og nær þannig til allra annarra grunnpátta. Allir grunnpættirnir eiga sér rætur í gagnrýninni hugsun, ígrundun og vísindum.





## Grunnpættir menntunnar - frh.

### Læsi

Meginmarkmið læsis er að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á.

### Lýðræði og mannréttindi

Lýðræðis- og mannréttindamenntun byggist á gagnrýninni hugsun og ígrundun um grunngildi samfélagsins. Slíkt nám gerir ráð fyrir samstarfi út fyrir veggja skóla engu síður en samstarfi í skólanum.

### Jafnrétti

Jafnréttismenntun snýst um að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis.

(Mennta- og barnamálaráðuneytið, 2024)

### Heilbrigði og velferð

Leikskólinn skal leitast við að veita nemendum heilsusamlegt umhverfi, líkamlegt, andlegt og félagslegt ásamt því að stuðla að heilbrigði og velferð hvers og eins.

### Sjálfbærni

Sjálfbærni snýst um samspil umhverfis, efnahags, samfélags og velferðar. Sjálfbærni felur í sér virðingu fyrir umhverfinu, ábyrgð, heilbrigði, lýðræðisleg vinnubrögð og réttlæti ekki bara í nútíma heldur og gagnvart komandi kynslóðum. Sjálfbærni er einnig háð því að hugað sé að jafnrétti þjóðfélagshópa.

### Sköpun

Sköpun er mikilvægur þáttur í öllu námi og starfi. Sköpun er ekki einungis í listmenntun heldur nauðsynlegur þáttur í allri menntun. Allir grunnpættirnir tengjast hugsun, ígrundun, vísindalegum viðhorfum og lýðræðislegu gildismati.





## Yngstu börnin



Yngstu börnin þurfa að vera í margvíslegu umhverfi þar sem þau fá að kanna eðli hluta út frá þáttum eins og stærð, lögun og efnisgerð. Leggja skal áherslu á samhengi þeirra viðfangsefna sem unnið er með svo sem mismunandi náttúrufyrirbæri, vísindi og tækni, ýta undir forvitni, ígrundun og vangaveltur barna og hvetja þau til að spyrja spurninga, kanna og leita alls konar lausna (Mennta- og barnamálaráðuneytið, 2024).

Yngstu börnin byrja að kanna umhverfi sitt frá fyrstu stundu. Þeirra háttur er að skoða/horfa, hlusta, snerta, bragða, handleika, flokka, bera saman, rannsaka og draga ályktanir.

Þau læra í gagnvirkum samskiptum við umhverfið sitt og smám saman læra börnin að þekkja það og treysta. Í úti-veru læra börnin á veðrið, náttúruna og fjölbreytni hennar og þau læra að ganga vel um þá auðlind sem náttúran og umhverfið er.

Á yngri deildum er lögð áhersla á að hafa fjölbreyttan efnivið með ólíka eiginleika til að örva skynfæri barnanna og upplifun, eins og vatn, klaka, snjó, sand, grjón, vatn og olíu, liti, fjaðrir og hluti með mismunandi yfirborði; mjúkir, harðir, sléttir, hrjúfir og mynstraðir.

## Könnunarleikur

Könnunarleikur nefnist á ensku "Heuristic Play with Objects". "Heuristic" er að uppruna gríska orðið "eurisko" sem þýðir að uppgötva eða öðlast skilning á.

Könnunarleikurinn er ákveðin aðferð við leik sem byggist á rannsóknarpörf barna og er góð aðferð fyrir yngstu börn leikskólans til að rannsaka umhverfi sitt. Forvitni þeirra og skynjun er undirstaða rannsókna þeirra en umhverfið er líka skipulagt á tiltekinn hátt sem styður við og ýtir undir könnunarþörf barna. Í könnunarleik nota börnin flest skynfæri sín, t.d. skoða, snerta, hlusta, sleikja, jafnvægi, rými, afstöðu og fleira.

Á yngstu deildum leikskólans er könnunarleikur hluti af hópastarfi. Efniviðurinn er af ýmsu tagi, stórir pappírshólkar, dósir undan skyri og kremum, stórar plastdósir, taupokar, lok af ýmsum stærðum og gerðum, keðjur, steinar, skeljar og fleira sem vekur áhuga barna. Allar hrúgurnar eru með eins efnivið. Þegar börnin koma inn í rýmið velja þau hvert sína hrúgu til þess að kanna.


Hvert barn hefur þannig sitt svæði, þau kanna möguleika hlutanna og geta gert rannsóknir upp á eigin spýtur. Börnin læra að nota ólíka hluti á margvíslegan hátt; fylla og tæma, setja saman, velja og hafna, finna hvað er líkt og ólíkt, stafla upp hlutum og láta þá halda jafnvægi, stundum tekst það, stundum ekki.

Í byrjun eru börnin oftast en ekki ein að skoða dótið sitt en fara síðan að líta í kringum sig og sýna leik annarra barna áhuga. Mikil áhersla er lögð á að kennarinn skipti sér ekki af leik barnanna nema nauðsyn beri til, t.d. ef barn fer að henda hlutum og trufla hin börnin. Mikilvægur þáttur aðferðarinnar er frágangur að leik loknum og er gefinn góður tími í það.

Þar sem hvert barn nálgast efniviðinn og leikur með hann á sinn einstaka hátt er það hlutverk kennarans að skrá hvernig börnin nálgast viðfangsefnið og á rannsóknum þeirra. Þannig öðlast starfsfólk betri innsýn í hugarheim barnanna og kynnist þeim nánar.







## Námssvið Álfþaborgar

### Lífsleikni

Lífsleiknin er aðaláherslan í námi barna í Álfþaborg og er hún jafnt viðhöfð í skipulögðu starfi, frjálsum leik og daglegum athöfnum. Unnið er með ákveðið námsefni sem leikskólarnir Krógaból, Síðusel og Sunnuból á Akureyri mótuðu. Unnið er með lífsleikni í öllu starfi og daglegum athöfnum. Markmiðið er að börnin öðlist færni í að taka ákvarðanir á uppbyggilegan hátt, leysi málin, takist á við tilfinningar, að þau noti skapandi og gagnrýna hugsun, nái færni í samskiptum, efli sjálfsvitund, samhyggð og takist á við álag og streitu.

Með öðrum orðum, þá eru börnin að læra í lífsleikni, að verða leikin í að lifa lífinu. Lífsleikni er hluti af því að ná að tileinka sér lýðræðisleg vinnubrögð, byggist á alhliða þroska barns, færni þess til samskipta, rökrænnar tjáningar og til að bera virðingu fyrir umhverfi sínu.

Lífsleikninám Álfþaborgar er unnið út frá dygðunum og er rauði þráðurinn í daglegum athöfnum, skipulögðu starfi og sjálfsprottnum leik. Dygðirnar sem unnið er með eru; ábyrgð, áreiðanleiki, glaðværð, hjálpsemi, hófsemi, hugrekki, kurteisi, samhyggð, sköpunargleði, vinsemd, virðing og þolinmæði. Unnið er með fjórar dygðir á hverju skólaári. Þannig má áætla að hvert barn nái að kynnast hverri dygð meðan á dvölinni í Álfþaborg stendur.

Í lífsleikninámi leikskólans er kennarinn aðalkennslutækið. Hvernig ber hann sig að í samskiptum? Er hann samkvæmur sjálfum sér? Hvernig er umgengnin og virðingin fyrir því sem hann gerir? Þetta hefur bein áhrif á nám barna. Kennarar eru fyrirmyndir og lífsleikni þeirra skiptir öllu máli við að skapa lærdómssamfélag leikskólans. Kennarar leikskólans kenna því bæði beint og óbeint dygðirnar.

Markmið lífsleikninámsins eru meðal annars (skv. námsefninu Lífsleikni í leikskóla):

- *Að börn öðlist innri aga.*
- *Að samhyggð barna aukist.*
- *Að siðferðiskennd barna eflist.*
- *Að börn læri að bera virðingu fyrir hvert öðru og umhverfi sínu.*
- *Að börn læri að þekkja muninn á réttu og röngu.*
- *Að börn læri að þekkja tengsl milli orsaka og afleiðingar.*
- *Að jákvæður agi sé ríkjandi.*
- *Að börnin læri að þekkja tilfinningar sínar og geti brugðist við þeim.*
- *Að börnin læri að taka fólki eins og það er og viðurkenni að það eru ekki allir eins.*



## Dygðarmýs

Dygðarmýs eru handbrúður sem hjálpa börnunum að læra dygðirnar og hvað orðin merkja. Lögð er áhersla á opnar spurningar og skráningar á vangaveltum barnanna. Dygðardýrið apinn Ljúfur fer í helgarheimsókn til hvers barns eina helgi yfir skólaárið. Með Ljúfi fylgir stílabók þar sem foreldrar skrifa hvað var gert um helgina og það er lesið í samverustund og skapast þá samræður og tenging milli heimilis og skólans.

Áhersla er lögð á að börnin verði læs á tilfinningar sínar og annarra og verði félagslega sterk og sjálförugg. Gegnum dygðirnar öðlast börnin sterka sjálfsmynd þar sem áhersla er lögð á styrk þeirra og þau finna að þau hafa raunveruleg áhrif með því að vera meðvituð um að nota dygðirnar. Með lífsleikninni verða börnin leiknari í lífinu sem eflir heilbrigði þeirra og vellíðan.



## Námssvið Álftaborgar - frh.

Í gegnum lífsleiknina læra börnin að bera virðingu fyrir umhverfinu. Út frá dygðunum eru unnin ýmis konar verk efni sem stuðla að endurnýtingu, góðri umgengni og tilraunum til að skoða orsök og afleiðingu.



Mismunandi tjáningarform eins og söngur, dans, leikræn tjáning, myndsköpun og bóklestur eru markvisst notuð til að túlka dygðir, upplifa og ræða.

Þar sem margir menningarheimar mætast er dygðanám fylgið í því að fá að upplifa fjölbreytileikann. Í dygðanámi er lögð áhersla á að setja sér mörk og virða mörk annarra og sýna að það sé pláss fyrir mistök og að það sé í lagi að gera mistök. Foreldrar gegna mikilvægasta hlutverkinu í lífi og lífsleikinámi barnsins.



### Foreldraboðorðin:

- Láttu foreldrahlutverkið ganga fyrir.
- Vertu góð fyrirmynd.
- Berðu ekki byrðarnar ein/einn.
- Taktu virkan þátt í skólagöngu barns þíns.
- Hafðu áhrif á hvað fer inn í huga og hjarta barnsins.
- Takmarkaðu ekki ræktun mannkosta við orðin ein, heldur settu ræktun mannkosta í öndvegi á þínu heimili.
- Haltu þig við grunnatriðin.
- Agaðu með kærleika.
- Notaðu siðfræði.



## Vinátta - bangsinn Blær

*Goðsögnin um að börn lendi í einelti vegna útlits, hátternis eða annars sem lætur þau skera sig úr á ekki við rök að styðjast, samkvæmt nýjustu rannsóknum. Börn verða líka fyrir einelti vegna afbrýðisemi, valdabaráttu, hefndar og vinsælda. Einelti má því rekja til lítils umburðarlyndis í hópum og þar með til ósveigjanlegra viðmiða um það hvað sé „rétt og rangt“. „Vefur barnaheilla“.*

Vinátta, vináttuverkefni Barnaheilla, byggist á nýjustu rannsóknum á einelti og samanstendur af hugmyndafræði sem endurspeglast í fjórum gildum; *umburðarlyndi, umhyggju, virðingu og hugrekki*. Forvarnarefnið samanstendur af Blæ bangsa og vinum hans, klípusögum, sönglögum og umræðuspjöldum.

Vinátta byggir á að kennarar, foreldrar og aðrir fullorðnir í umhverfi barnsins séu sá hópur sem hefur tækifæri til þess að koma í veg fyrir einelti og þeim beri skylda til þess.

Oft þurfa hinir fullorðnu að skoða eigin samskipti og viðhorf og vera góðar fyrirmyndir fyrir börnin. Vinátta er því góð viðbót við lífsleikni áherslur skólans.

Kennarar móta jákvæðan skólabrag og umhverfi sem einkennist af gagnkvæmu umburðarlyndi og virðingu, leiðbeina börnunum og þróa getu þeirra í að sýna hvert öðru umhyggju, styðja við félagasína og verja þá, þannig að það verði eðlilegur hluti af lífinu að sporna við einelti.



## Blær - framhald

Bangsinn Blær er táknmynd vináttu og verkefnið er kjörið til að fræða börn um dygðir. Í vináttustundum með Blæ læra börnin ýmislegt sem tengist almennri lífsleikni. Þau læra að setja öðrum mörk, bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum og með því að vera meðvituð um hvernig öðrum líður er auðveldara að setja sig í spor annarra. Námssefninu fylgja myndir sem hvetja til umræðna um ýmis málefni og tilfinningar. Með því að skoða og velta fyrir sér myndunum sem fylgja verkefninu þjálfast þau í að átta sig á tilfinningum og af hverju við höfum mismunandi tilfinningar. Þau skoða myndirnar saman og koma með ýmsar hugmyndir um ástæður þess að börnin sýna mismunandi svipbrigði og viðbrögð í ýmsum aðstæðum.

Efnið kallar fram samræður við börnin um ólíkar aðstæður og þau fá tækifæri til að setja sig í spor barnanna á myndunum.

Heima geta foreldrar rætt um mikilvægi þess að skiptast á t.d. leikföngum og vera leiðtogi í leik og ekki að útiloka aðra, ræða við börnin um jákvæð samskipti og umburðarlyndi. Það gefst líka vel að höfða til tilfinninga barnanna; hvernig liði þér ef þú mættir ekki vera með í leiknum eða ef einhver segði ljóta hluti við þig o.s.frv. Í tengslum við tilfinningalæsi í leikskólanum vinnum við markvisst með bangsann Blæ þar sem börnin læra meðal annars að setja sig í spor annarra, lesa í aðstæður, leysa úr vandamálum, skilja betur tilfinningar sínar og annarra.





## Sköpun

*Sköpunargleði leiðir til námsáhuga þegar börn og ungmenni skynja merkingu viðfangsefnanna og gildi þeirra (Mennta- og barnamálaráðuneytið, 2024).*

Í Álfþaborg er barnamenning samofin öllu starfi og áhersla er lögð á skapandi starf og skapandi hugsun. Markmið Aðalnámskrár leikskóla í sköpun eru að styrkja gagnrýna hugsun hjá börnunum og að sköpunargleði þeirra fái notið sín í starfi og einnig leik sem er mikilvæg námsleið barna og opnar þeim nýjar viddir. Skipulag á að vera opið og sveigjanlegt og ýta undir forvitni svo sköpunarkraftur barnanna fái notið sín. Einnig er mikilvægt að börnin hafi aðgang að fjölbreyttum efniviði og geti nýtt sér margvíslega tækni til sköpunar. Söngur og bókmenntir gegna stóru hlutverki í að virkja skapandi hugsun hjá börnum því er mikilvægt að söng- og sögustundir séu fastir liðir í daglegu starfi. Ýmsar leiðir eru nýttar til að koma sköpun barnanna á framfæri. Rík áhersla er lögð á að efniviður sé opin og aðgengilegur og óháður kyni og aldri. Einnig er lögð áhersla á að sköpunarferlið sjálft sé jafn mikilvægt og afrakstur verksins.

Unnið er markvisst að því að ýta undir hugmyndaflug og áhuga barnanna á ýmsum sviðum. Hlustað er á raddir þeirra og komið til móts við þær hugmyndir sem börnin hafa. Þau eru hvött til þess að nálgast viðfangsefnin á eigin forsendum og beita fjölbreyttri tækni/ aðferðum og gera verkefnið að sínum. Listasmiðjur eru í báðum kjörnunum og deildirnar eru einnig búnar fjölbreyttum og opnum efnivið til listsköpunar.

Kennarar og umhverfi hafa mikil áhrif á hvort sköpunargleði barnanna nær flugi. Kennarar leggja áherslu á sjálft sköpunarferlið þar sem ný þekking og reynsla skapast sem er mikilvægt fyrir alhliða þroska og gleði hvers barns. Sköpunarferlið er mikilvægt fyrir börn til að læra að þekkja sig sjálf og hvað þau geti lært af ferlinu og njóti þess að skapa.

Kennarar hvetja börnin til þess að hugsa út fyrir rammann og spyrja opinna spurninga sem styðja við hugmyndir þeirra og hjálpa þeim að ná góðum tókum á því viðfangsefni sem þau velja sér. Þannig eflist frumkvæði og sjálfstraust barnanna og ýtir undir forvitni þeirra. Kennarar geta komið með kveikjur sem börnin útfæra á sinn hátt. Börnin prófa sig áfram og athuga hvort hugmyndir þeirra ganga upp. Þá fá börnin líka tækifæri til að endurskoða hugmynd sína og prófa aðra aðferð.







### **Haust**

Skýin fóru bak við sólina.  
Laufin falla og allt við alla.  
Blómin blómstra um vorin, en  
deyja um haustin.

Barn 5,1 ára



*Í gegnum sköpunarferlið verður til eitthvað sem hefur gildi fyrir barnið sjálft, næsta umhverfi og/eða samfélagið (Menntastefna Reykjavíkurborgar, 2019).*



*Sköpun er mikilvægur þáttur í námi og þroska barna og byggist að mestu á forvitni, þekkingu, frumkvæði, leikni og skapandi og gagnrýnni hugsun. Skapandi starf á fyrst og fremst að beinast að ferlinu sjálfu, tjáningunni, gleðinni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndunarafl fá að njóta sín (Menntastefna Reykjavíkurborgar, 2019).*

Tónlist er stór þáttur í leikskólastarfinu og sungið er á öllum deildum daglega. Áhersla er lögð á fjölbreytt lagaval sem eflir málþroska og eykur orðaforða. Unnið er með spuna, þulur, sögur og ævintýri á hverjum degi.

Í hópastarfi er farið í skipulagðar tónlistarstundir. Áhersla er lögð á að börnin geti valið úr fjölbreyttri tónlist allt frá klassískri tónlist til nútímapopps. Þá er hlustað, dansað, spilað á hljóðfæri og spilað saman sem ýtir undir jákvæð samskipti, samvinnu og samhygð.

Einnig er sögugerð tengd við tónlist hjá eldri árgöngum. Þá velja börnin tónlist til að hlusta á og búa til sögu út frá henni.









## Sögu- og ljóðagerð

Sögu- og ljóðagerð sem gefur börnunum tækifæri til að beita skapandi hugsun á sér langa sögu í Álfaborg. Börnin hafa aðgengi að fjölbreyttum efniviði til stuðnings við sögurnar. Sögur barnanna eru teknar upp, svo skrifaðar niður og oft myndskreyttar.

Sögugerð er einnig fléttuð inn í þemu sem er unnið með á deildunum og þá semja börnin sögur saman sem eflir samvinnu, málþroska og félagstengsl. Börnin búa til leikrit upp úr sögum eða semja þau sjálf og sýna þau í samverustundum. Leikritin eru oft tekin upp á myndband því þá geta börnin skoðað þau og rætt. Börnin hafa aðgang að fjölbreyttum efniviði til að búa til leikmuni.

Í gegnum leikritagerð læra börnin að vinna saman og sýna fyrir framan hóp sem styrkir sjálfstraust þeirra. Að horfa á börn sýna leikrit getur verið hvatning fyrir önnur börn til að koma fram og skapa eitthvað sjálf.





## Heilbrigði og vellíðan

*Undir heilbrigði falla meðal annars lífs- og neysluvenjur, líkamleg færni, kynheilbrigði og andleg og félagsleg vellíðan. Vellíðan barns í daglegu lífi leggur grunninn að virkri þátttöku, aukinni færni og árangri í skóla- og frístundastarfi (Menntastefna Reykjavíkurborgar, 2019).*

Markmið Aðalnámskrár leikskóla fyrir heilbrigði eru að virkja börn til þátttöku í leik og starfi, efla líkamlega og andlega vellíðan þeirra og leggja áherslu á persónulega umhirðu, gefa gott rými fyrir leik þannig að börnin hafi svigrúm til að tjá sig í hreyfingu og fái samfelldan tíma fyrir leikinn. Leikskólinn á að hafa rými fyrir ró, slökun og hvíld, þannig að börnin öðlist tilfinningalegt jafnvægi og líði vel. Þjóða skal upp á holla fæðu, fjölbreytta hreyfingu, ögrandi og krefjandi útivist og eiturefnalaust umhverfi.

Dagleg samskipti og venjur hafa mikil áhrif á vellíðan barna og áhersla er lögð á hlýjar móttökur í upphafi dags. Mikilvægt er að foreldrar fylgi barninu inn á deild til að tryggja að það komist í öruggar hendur. Kennarar leggja sig fram um að eiga jákvæð og gefandi samskipti við börnin, hrósa þeim og efla sjálfstraust þeirra. Að sama skapi er börnum leiðbeint í samskiptum sín á milli, með því að stuðla að samhygð og hjálpsemi.



## Hreyfing

*Daglegar athafnir í leikskóla eiga að stuðla að líkamlegri og andlegri vellíðan barna og góðri heilsu. Umhyggja á að skipa stóran sess í starfi leikskóla og mikilvægt er að starfsfólk leikskóla myndi góð og nán tengsl við börnin (Mennta- og barnamálaráðuneytið, 2024).*

Hreyfing stuðlar að líkamlegri og andlegri vellíðan hjá börnum og þau hafa mikla þörf fyrir að hreyfa sig óþvingað. Í leikskólanum er lögð áhersla á alhliða hreyfingu fyrir öll börn, þannig að þau læri að þekkja og skynja líkama sinn. Hreyfistundir eru daglegar, bæði skipulagðar og frjálssar.

Markmið hreyfistunda er að börnin reyni á eigin líkama, fái útrás ásamt því að æfa samhæfingu, jafnvægi, öryggi, sjálfstraust og getu. Í hreyfileikjum læra börn að meta aðstæður, efla þor og velja og hafna. Jafnframt lærist samvinna, einbeiting eykst og börnin læra að fara eftir fyrirmælum.

Jóga er fléttað inn í skipulagt starf þar sem börnin læra einfaldar æfingar ásamt öndun og slökun.

Útivera er mikilvægur þáttur í starfi leikskólans. Yngri börnin fara út fyrir hádegi og þau eldri eftir hádegi. Í útiveru fá börnin líkamlega hreyfingu og gleði, snerpa og þol aukast eftir því sem börnin hreyfa sig meira.

Börnin fara í reglulega göngutúra í hverfinu og eldri börnin fara í skipulagðar vettvangsferðir út fyrir hverfið. Í lengri og styttri vettvangsferðum auka börnin þol, úthald og þrautseigju.

Leikskólinn hefur aðgang að sal hjá Knattspyrnufélagi Víkings og þangað fara allir nema yngsti árgangurinn.

Hreyfistundir í Víkingssalnum skiptast í skipulagða og frjálsa tíma. Í hverjum íþróttatíma fá börnin tækifæri til þess að leika sér að vild, skapa sína eigin leiki og æfingar. Hreyfistundir sem kennarar setja upp eru fjölbreyttar og tengjast áhugasviðum flestra barnanna. Gerðar eru upphitunaræfingar, farið í margvíslega leiki, spilaður fótbolti, handbolti, útbúnar þrautabrautir, farið í jóga, dansað, keppt í boðhlaupi og fl.

Einnig býður Víkingur elsta árgangi í skipulagða hreyfistund einu sinni í viku á veturna og þá tekur þjálfari frá þeim á móti börnunum.





## Hreinlæti

Hreinlæti er mikilvægur hluti af heilbrigði og snar þáttur í daglegu lífi barna. Í leikskólanum er lögð rík áhersla á handþvott. Þegar börnin koma í leikskólann þvo þau sér um hendurnar, einnig eftir útiveru, fyrir mat/kaffi og eftir klósettferðir.

Salerni og skiptiaðstaða eru sótthreinsuð daglega og hreinlætis er gætt í hvívetna til að koma í veg fyrir smithættu.

Yngri börn hafa ákveðinn tíma fyrir salernisferðir, t.d fyrir hvíld og útiveru.

Hins vegar eru eldri börnin hvött til að fara á salerni fyrir og eftir útiveru, vettvangsferðir og matartíma, annars meta þau sjálf þörfina og læra þannig á þarfir sínar. Eftir máltíðir þvo börnin sér um hendur og andlit.



## Máltíðir

*Leggja þarf áherslu á uppeldis- og félagslegt gildi máltíða meðal annars með að gefa nægan tíma til að nærast (Mennta- og barnamálaráðuneytið, 2024).*

Í matartíma skammta börnin sér sjálf og velja hversu mikið af mat þau borða. Umræður um hollt mataræði, tannheilsu og hófsemi eru reglulegar í leikskólanum. Einnig er rætt um uppruna matarins og umhverfið okkar, mikilvægi þess að hugsa vel um jörðina og minnka matarsóun. Metnaður er fyrir því að vera með hollan og næringarríkan mat á boðstólum fyrir börnin. Þau eru hvött til þess að smakka allan mat.

Árlega er haldin tannverndarvika í leikskólanum, þar sem börn fá sérstaka fræðslu um tannheilbrigði og tannvenjur. Einnig er íþróttadagur leikskólans árlegur viðburður og sameiginlegir dansviðburðir (diskó) haldnir reglulega.

Álfaborg leggur áherslu á og vinnur að því að gera leikskólann eiturefnalausan. Öll aðföng ásamt leikefni og námsgögnum eru skimuð og það sem ekki er vottað og stenst ekki kröfur leikskólans er fjarlæggt.



*Líðan barns hefur áhrif á sjálfsmynd þess, t.a.m. hvort það hefur trú á eigin hæfni, er áhugasamt og sýnir vilja og getu til að takast á við mismunandi viðfangsefni (Mennta- og barnamálaráðuneytið, 2024).*



## Svefn og hvíld

*Of lítill svefn barna hefur ekki bara áhrif á líðan og heilsu þeirra í dag heldur einnig á heilsuna seinna meir. Hegðun barnanna, heilsufar og lífspróttur mótask mjög af því hversu vel og reglulega þau sofa og hvílast í erli dagsins (netsíða Heilsuveru).*

Góð hvíld er börnum nauðsynleg til að geta notið dagsins og tekið þátt í starfinu. Eftir hádegismat fara öll börn í hvíld og fá þá hvíld og slökun sem þau þurfa. Yngri börnin sofa og á meðan þau sofa endurnærast taugakerfi þeirra og líkamar.

Líkaminn framleiðir einnig vaxtarhormón sem er mikilvægt fyrir vöxt þeirra og þroska. Eldri börnin fara í rólega samverustund í hádeginu þar sem er lesið, hlustað á sögur eða rólega tónlist.



## Sjálfbærni

*Sjálfbær lífstíll felur í sér að við nýtum auðlindir jarðar án þess að ganga á þær. Hugtakið sjálfbærni vísar til þess hvernig við hegðum okkur í dag, án þess að hafa neikvæð áhrif á framtíðina (Verum græn ferðalag í átt að sjálfbærni, 2014).*

Markmiðið með sjálfbærni er að efla umhverfisvitund barnanna og trú þeirra á að þau geti haft áhrif. Ef börn fá tækifæri til að upplifa og njóta náttúrunnar eru meiri líkur á að þau vilji passa upp á hana, hvert annað og umhverfið. Í leikskólanum kynnast börnin nærsamfélagi sínu og sjá hvernig vistspor þeirra og nærsamfélags geta stuðlað að sjálfbærri þróun (*Aðalnámsskrá leikskóla, 2024*).

Börnin kynnist hringrásum og fyrirbærum í náttúrunni, margvíslegum auðlindum og nýtingu náttúrunnar og eiturefnum í umhverfinu.

Leikskólinn leggur ríka áherslu á að flokka, endurnýta og minnka matarsóun. Í matartímum er rætt um matarsóun og hvernig er hægt að sporna við henni. Börnin skammta sér sjálf og fá þjálfun í að setja hæfilegt magn á diskana. Þau eru hvött til að ganga frá eftir sig og ganga vel um hólfin sín og umhverfið og sýna umhyggju og virðingu fyrir öllum fyrirbærum í náttúrunni.

Útivera er veigamikill hluti af daglegu starfi og eykur vellíðan barnanna og gegnir mikilvægu hlutverki við að efla umhverfisvitund þeirra. Leikskólinn býður upp á fjölbreytt úrval af verðlausum efniviði í leik og starfi og áhersla er lögð á að hægt er að gera við hluti og endurnýta þá.

Foreldrar eru hvattir til að koma með taupoka fyrir óhrein föt til að draga úr plastnotkun. Til að spara rafmagn er slökkt á ljósum eins og hægt er. Börnin eru hvött til þess að spara vatn og láta það ekki renna á meðan er verið að ná í sápu. Deildir eru með merktar tunnur með myndum fyrir plast og pappír og börnunum er kennt að flokka rétt.

Á eldri deildum er áhersla lögð á að börnin öðlist skilning á hugtökum sem tilheyra sjálfbærni og á vorin þegar sett eru niður fræ gefst tækifæri til að ræða kolefnisjöfnun. Í vettvangsferð í Sorpu kynnast elstu börnin hringrás endurvinnslu.

*Ung börn læra í gagnvirkum samskiptum við umhverfi sitt. Leggja skal áherslu á samhengi þeirra viðfangsefna sem unnið er með svo sem náttúru og samfélag, mismunandi náttúrufyrirbæri, vísindi og tækni (Mennta- og barnamálaráðuneytið, 2024).*



## Vísindi



Samkvæmt markmiðum *Aðalnámsskrá leikskóla* í vísindum eiga börnin að fræðast um upplýsingamiðlun, ásamt því að fást við stærðfræðileg viðfangsefni, svo sem flokka, tölur, tákn og mynstur. Einnig að fylgjast með lífverum í umhverfinu og lífsháttum þeirra og átta sig á eðli ýmissa krafta og birtingarmyndum þeirra í umhverfinu, ásamt því að kanna eiginleika ýmissa efna og hluta á borð við áferð og þyngd.

Allt um kring í umhverfinu eru tækifæri til að flétta stærðfræði inn í daglegt starf og leggja fram hugtök og vinna með talnaskilning í leik og starfi. Lagt er upp með að efniviður í umhverfinu úti og inni sé nýttur í að telja, æfa hugtök eins stærðir, liti, form og para saman, flokka o.s.frv. Einnig er unnið með stærðfræði í mismunandi formi eins og tölur, tákn og mynstur.

Stærðfræðin fléttast inn í mestallt starf eins og lestur bóka, byggja úr mismunandi kubbum, leggja á borð og fara í vettvangsferðir. Á deildum er veðurfræðingur dagsins sem athugar hvernig veðrið er og ráðleggur hvernig eigi að klæða sig eftir því hvort er heitt, kalt, sól eða rigning.

Á deildunum er leikefni sem eflir og reynir á rýmisgreind og rökhugsun aðgengileg. Í boði er efniviður sem sóttur er í náttúruna í bland við annan efnivið.

Börnin kynnast fjölbreyttum vísindalegum viðfangsefnum eins eiginleikum ljóss, skugga, vatns, speglum og alls konar viðfangsefnum sem hægt er að tengja við bæði efna- og eðlisfræði, með hjálp myndvarpa, ljósa-borða, tölvusmásjár, stækkunarglerjum og verðlausum efnivið.

Í skapandi starfi/sköpunarferli eru vísindi. Börnin þurfa að hugsa út í hvaða lím þarf að nota miðað við hversu þungur hluturinn er sem líma á. Hvíta límið fyrir léttan efnivið og límbyssan fyrir þungan efnivið. Einnig þarf að finna út hversu mikið lím þarf að nota og hvað og hvernig er hægt að setja hlutina saman. Þegar börnin drullumalla þurfa að vera ákveðin hlutföll af vatni, mold og sandi til að búa til gott drullumall.



## Læsi

*Bernskulæsi mótar viðhorf barna til læsis og vitund þeirra um tilgang þess, auk þess sem málfærni leggur grunn að fyrstu skrefum barna við að tileinka sér læsi og síðari lestrarfærni (Lesið í leik. Læsisstefna Reykjavíkurborgar, 2013).*

Læsi í sinni víðustu mynd er ein af aðaláherslum Álftaborgar. Áhersla er lögð á að börnin eigi jákvæð og uppbyggileg samskipti hvert við annað og við starfsmenn. Fáir tækifæri til að endurskapa upplifun sína og reynslu í leik og skapandi starfi og tjá sig á margvíslegan hátt. Eigi hlutdeild í starfi leikskólans, fáir tækifæri til að ígrunda og efla trú á eigin getu. Kynnast tungumálinu og möguleikum þess. Njóta þess að hlusta á og semja sögur, ljóð, þulur og ævintýri. Öðlist skilning á að ritað mál og tákni hafi merkingu. Upplifi að þau geti deilt skoðunum sínum og hugmyndum. Velta vöngum yfir eigin samfélagi og menningu og menningu annarra þjóða (*Aðalnámsskrá leikskóla, 2024*).

Upplifanir og orð verða tækifæri til að semja sögur, ljóð, þulur og ævintýri. Börnin kynnast ólíkum leiðum og margvíslegri tækni til að nálgast upplýsingar og setja fram hugmyndir sínar og læra á stafræna miðla og hagnýta sér stafræna tækni í daglegu lífi. Til að stuðla að jöfnuði tækifæra hafa börnin aðgang að tækni í leik á skapandi hátt.

Stafræn tækni er notuð í íslenskukennslu þar sem fjölbreytt kennsluforrit eru notuð til að auka orðaforða barnanna.

Í Álftaborg hafa börnin gott aðgengi að bókum og áhersla er lögð á að innihald þeirra mismuni ekki kynjum eða hópum. Ritmálið er jafnframt sýnilegt á deildum og skúffur barnanna merktar með myndum af þeim og nöfnum. Með því vaknar áhugi þeirra á bókstöfum, tölustöfum og rituðum texta. Á öllum deildum er unnið með læsi, orðaforða, lesskilning, hljóð og stafi miðað við aldur og þroska barnanna.

Í leik forma börnin stafi sína og orð úr fjölbreyttum efniviði, t.d. leir, kubbum, litum, steinum, frauðstöfum, stafapúslí og fl.

Samverustundir eru kjöraðstæður fyrir nám í læsi. Þær eru reglulega yfir daginn og þá eru lesnar bækur, sagðar sögur og mál líðandi stundar rædd. Einnig er lögð áhersla á söng og eru börnin hvött til að koma upp og syngja lag að eigin vali eða segja frá, sem ýtir undir máltjáningu, frásagnarhæfni, hljóðkerfisvitund og hlustun og styrkir trú þeirra á eigin getu.

Í samverustundum læra börnin að skiptast á, hlusta, sýna tillitssemi og orðaforði og málskilningur eflidur. Þegar bækur eru lesnar og kennarar segja frá orðum og útskýra orðatiltæki fyrir börnunum, skapast umræða í hópnum um orðin og oft einnig um samheiti og lík orð.



## Læsi - framhald

Aðalvettvangur barnanna í leikskólanum til þess að læra að lesa umhverfið sitt og aðstæður og vera í samskiptum er í sjálfsprottnum leik og útiveru. Þar læra börnin á sínum forsendum og fara ólíkar leiðir. Kennarar eru alltaf til staðar til þess að grípa inn í, leiðbeina og hjálpa.

Í matartímum eru kjöraðstæður fyrir samræður því þá gefst góður tími til að ræða fjölbreytt málefni og auka orðaforða. Spil eru notuð í málörvun og með því að spila við aðra læra börn að lesa í aðstæður og vinna með öðrum. Þannig læra þau líka að stjórna tilfinningum sínum í krefjandi aðstæðum og læra orð, stafi, tölur o.fl.



*Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt. Læsi í viðum skilningi þess orðs er mikilvægur þáttur samskipta (Mennta- og barnamálaráðuneytið, 2024).*

## Draumar

Meginmarkmið Menntastefnu Reykjavíkur „Látum draumana rætast“ er að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs.

Mig dreymir um að:

Fljúga með blöðru  
með hjarta

Stjórna slönguvélmenni

Fara í loftbelg

Borða pizzu og  
hlusta á rokk og ról

Borða alltaf pizzu,  
það rignir súkkulaði og  
halda veislu

Vera fiðrildi

Víðtæk merking læsi á ólíka miðla, umhverfi, hegðun og aðstæður. Læsi er í eðli sínu félagslegt fyrirbæri og hefst með máluppeldi barna við fæðingu. Góð lestrarfærni er lykill að þekkingaröflun og skilningi á umhverfi og samfélagi (Menntastefna Reykjavíkurborgar, 2019).



## Bókasafnsferðir

*Samtöl og samskipti við börn í leik út frá áhugasviði þeirra og reynslu eru líklegri til að ýta undir tjáningu þeirra og frásagnargleði en samtöl við barnahópa í skipulögðu starfi sem stýrt er af kennara (Lesið í leik. Læsistefna Reykjavíkurborgar, 2013).*

Reglulegar ferðir eru á Borgarbókasafnið í Kringlunni þar sem bókasafnsfræðingur les fyrir börnin. Eftir það skoða börnin bækur og fá lánaðar í leikskólann. Börnin læra hvernig bækurnar eru flokkaðar eftir stafrófsröð og litum og geta því gengið frá bókunum á rétta staði eftir að hafa lesið þær.

Á haustin er valin bók sem tengist þeim dygðum sem unnið er með, sem börnin taka með sér heim, ásamt stílabók þar sem foreldrar skrifa upplifun barnanna af sögunni í. Börnin á eldri deildum skiptast á um að vera bókabarn vikunnar þar sem þau velja bækur heima hjá sér og kynna fyrir okkur.



## Lubbi finnur málbein

Hljóðasmiðja Lubba leggur áherslu á snemmbúið læsi. Börn þurfa fjölmörg tækifæri til að tileinka sér íslensku málhljóðin og æfa framburð, ekki síst börn með seinkaðan málþroska eða málþroskaröskun. Lubba, sem er íslenskur fjárhundur, langar til að læra að tala. Til þess að það verði að veruleika þarf hann að læra öll íslensku málhljóðin. Hundum finnst mjög gott að naga bein og þess vegna líta málhljóðin út eins og bein. Lubbi nagar þau og lærir þannig smátt og smátt að tala.

Hins vegar þarf hann góða aðstoð við að læra málhljóðin og börnin aðstoða hann með söng og ýmsum öðrum æfingum. Námsefnið býður upp á nýja framsetningu á íslensku málhljóðunum og leggur góðan grunn að lestrarnámi, auk þess sem það stuðlar að betri orðaforða og skýrari framburði. Skörp hljóðavitund, reynsla og upplifun af texta og góður orðaforði hraðar grunnfærni í lestri og ritun.

### Hljóðasmiðja Lubba

Á yngri deildum er eitt málhljóð tekið fyrir á tveggja vikna fresti. Málhljóðin sem valin eru fara eftir nöfnum barnanna á deildunum. Börnin læra málhljóðin og tákn hjá öllum börnum á deildinni í gegnum sönglög í samverustundum. Einnig er unnið með hluti sem geymdir eru í pokum/kössum og fylgja hverju málhljóði. Foreldrar senda nöfn bóka sem þeir lesa heima og bókatitlarnir eru settir á málbein sem eru hengd upp.

Á haustin byrja eldri deildir á að rifja upp þann grunn sem lagður var á yngri deildum. Síðan er lögð áhersla á stafina og að finna hluti í umhverfinu sem byrja á ákveðnu málhljóði sem unnið er áfram með í fjölbreyttum efnivið. Börnin æfa sig að skrifa nafnið sitt og finna hvaða hljóð er fremst í orðum. Ennfremur para börnin saman hluti og orð.

Á eldri deildum eru málhljóðin sýnileg í umhverfi barnanna og með hverju málhljóði fylgja myndir sem eru hengdar upp á vegg til að kalla fram umræður á milli barna og starfsfólks. Foreldrasamstarf byggist meðal annars upp á því að börnin skoða tímarit og dagblöð með foreldrum og leita eftir því málhljóði sem unnið er með hverju sinni. Þau klippa orðin eða myndirnar út og koma svo með úrklippurnar í leikskólann og líma upp á vegg. Fyrir elstu börn sem búin eru að læra um hljóð stafanna er hægt að fara dýpra í hljóðanámið með því að tengja hljóð saman og jafnvel búa til orð. Einnig eru hljóð og hlutir/myndir tengd saman og tákn hljóðanna notuð. Í hljóðasmiðju öskjunum eru spurningar og verkefni samhliða textunum og það virkjar forvitni barnanna sem vilja vita hvar sagan gerist sem síðan er hægt að finna á landakorti.









## Sjálfspróttinn leikur

*Í Aðalnámsskrá leikskóla (Mennta- og barnamálaráðuneytið, 2024) segir m.a.: „Leikur er meginnámsleið barna. Hann skapar börnum tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar og þróa félagsleg tengsl við önnur börn. Þegar börn leika sér saman mynda þau félagslega hópa og skapa eigin menningu. Þau taka þátt í lýðræðislegum athöfnum þegar þau setja fram hugmyndir og þurfa jafnframt að skilja hlutina frá sjónarmiði annarra.“ Leikurinn er börnum eðlislægur, sjálfspróttinn og órjúfanlegur þáttur í þroska þeirra. Börn leika af fúsum og frjálsum vilja og á eigin forsendum.*

Leikur í fjölbreyttri mynd er kjarni leikskólastarfsins. Leikurinn er sjálfspróttinn og leiddur af börnunum þar sem þau ákveðja sjálf hvar og hvenær hann fer fram. Helsta námsleið barna er sjálfspróttinn leikur sem er mikilvægur fyrir alhliða þroska þeirra.

Í dagskipulagi deilda er tekið mið af því að sjálfspróttinn leikur fái gott vægi. Umhverfi leikskólans styður við leikinn og býður upp á fjölbreyttan og skapandi efnivið. Skipulag er opið og sveigjanlegt og veitir gott svigrúm fyrir sjálfspróttinn leik.

Börnin hafa aðgang að rými og samfelldum tíma fyrir leikinn svo að þau geti þróað hann og dýpkað. Börnin geta valið um ólíkar leiðir til að vinna úr hugmyndum sínum, undrast, rannsaka, finna lausnir, tjá sig og skapa. Mikilvægt er að börnunum finnist þau fullgild, geti tekið þátt í öllu og öðlast gleði í leik.

Kennarar skapa aðstæður sem virkja sköpunarkraft barnanna og að þau hafi svigrúm til að upplifa, kanna og læra gegnum sjálfspróttinn leik.

Einnig er boðið upp á kveikjur og efnivið sem vekur áhuga barnanna og það býður upp á að leikurinn þróist áfram.

Kennarar eru vakandi, styðja við leikinn og fylgjast með því sem gerist þar og eru tilbúnir að aðstoða og grípa inn í ef þörf krefur. Með því að gefa tíma og rými fyrir sjálfspróttinn leik með vakandi kennurum er sjálfsmynd barnanna styrkt, þau læra leikreglur og samskiptahæfni og félags- og tilfinningatengsl eflast. Í leik læra börnin að skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir og reynslu. Vináttubönd og samhygð styrkjast og fjölbreytt menning fær notið sín, auk þess sem börnin njóta sín í hreyfingu.

Kennarar mæta börnunum þar sem þau eru stödd hverju sinni og hlusta á hugmyndir þeirra og skoðanir, skrá og ígrunda tengsl barnanna við önnur börn, fullorðna og umhverfi sitt í gegnum leik, greina og bregðast við valdaójafnvægi og hvaða stöðu barn hefur í leik með öðrum börnum. Kennarar hlusta á börnin og skapa svigrúm fyrir þau til þess að hafa áhrif á nám sitt og leik.







## Fagmennska

*Fagmennska er lykilhugtak í starfi leikskólakennara og byggir á menntun þeirra, siðferði og þekkingu. Fagmennska leikskólakennara felur m.a. í sér að huga að þroska barna og stuðla að menntun þeirra, veita börnum umhyggju, sýna þeim virðingu og áhuga og stuðla að réttindum þeirra og velferð. Einnig felur fagmennska í sér að ræða málefni barna á uppbyggilegan hátt og sækja endurmenntun í því sem varðar starf þeirra (Kennarasambands Íslands, 2022 og Hólmfríður K. Sigmarsdóttir, 2021).*

Leikskólakennari skal vera faglegur leiðtogi og skapa aðstæður sem stuðla að opnu og sveigjanlegu skipulagi sem veitir gott svigrúm fyrir sjálfsprottinn leik barna. Með því að styðja við áhuga barna og leik geta börnin byggt nám sitt á fyrri reynslu og þekkingu. Einnig skal vera nægilegt rými og samfelldur tími fyrir leik til að þróa hann og dýpka.

Leikskólakennari skal veita börnunum gott aðgengi að fjölbreyttum efnivið sem býður upp á margar leiðir til að vinna úr hugmyndum sínum, undrast, rannsaka, finna lausnir, tjá sig og skapa. Leikskólakennari skal stuðla að fullgildi barna, þannig að þau geti tekið þátt í öllu og öðlast gleði í leik með góðum skilyrðum þar sem vinátta barna og menning þeirra fær notið sín.

Leikskólakennarar skipa stórt hlutverk í leik, námi og námsumhverfi barna, þar sem þeir eru ekki bara fyrirmyndirnar, heldur þurfa þeir að bjóða upp á samræður, upplifanir og efnivið sem eflir börnin. Leikskólakennari skal aðlagja námsvið leikskólans að áhuga barna, hafa yfirsýn yfir hvar og hvernig nám fer fram í leik og stuðla að því að samþætta leik, grunnþætti og námsvið leikskólans, marka stefnuna og vera til staðar við að efla nám þeirra með þátttöku í leik og hafa yfirsýn yfir almenna færni og nám barnanna. Leikskólakennari á að taka þátt í leik barna, styðja við hann og kenna börnum að leika sér ef þörf krefur.

*Fagmennska leikskólakennara byggir m.a. á þekkingu hans á þróun máls og læsis og því hvernig honum tekst að skipuleggja leikskólastarfið þannig að nám og leikur verði óaðskiljanlegir þættir (Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur, 2013).*



*Allir sem vinna við uppeldi og menntun í leikskóla skulu sýna börnum virðingu, tala skýrt og fjölbreytt mál við þau og taka mið af mismunandi tjáningarmáta barna í leik. Þeir eiga að spyrja opinna spurninga, hlusta eftir og skrá hvað þau eru að fást við og túlkun þeirra í leik. Þeir skulu líka sýna jákvæðni gagnvart fjölbreytileika og því að hver og einn á rétt á hlutdeild í leikskólasamfélaginu á eigin forsendum. Starfsmenn eiga að vera vakandi fyrir nýjungum á sviði miðla og tækni og taka þeim með gagnrýnum en opnum huga og nýta á skapandi hátt í leik og starfi (Mennta- og barnamálaráðuneytið, 2024).*

Mikilvægt er að styðja sérstaklega við yngstu börnin þegar þau taka sín fyrstu skref í leik með öðrum. Einnig á leikskólakennari að skrá og ígrunda tengsl barnanna við önnur börn, full-orðna og umhverfi sitt. Í leik skal leikskólakennari bregðast við valda-ójafnvægi og stöðu barns í leik með öðrum börnum. Hann á að velja fjölbreyttar námsleiðir og vinnubrögð sem hvetja til skapandi og ígrundandi

hugsunar og sjálfstæðra vinnubragða hjá börnum, ásamt því að skapa þeim tækifæri til að undrast og greina. Í leik skal leikskólakennari bregðast við kynjun og fjölmenningu og leggja grunn að íslenskunámi barna og veita þeim ríkuleg tækifæri til að efla málfærni í daglegu starfi og leik. Virðing skal borin fyrir fjölbreyttum tungumálum og leita leiða til að styðja við móðurmál og virkt fjöltyngi í leik og daglegu starfi.



*Leikskólakennarar eru sérfræðingar í málum barna á leikskólaaldri og eiga því að leiða faglegt starf í leikskólum. Einnig skulu þeir vera faglegir leiðtogar og fyrirmyndir annarra starfsmanna og leiðbeina þeim (Svava Björg Mörk og Arna H. Jónsdóttir, 2022).*







## Menning og hefðir

*Með því að byggja á menningararfi samfélagsins og árangri á margvíslegum sviðum vísinda, fræða, lista, íþróttar, jafnréttis og forvarna er skapaður frjór jarðvegur fyrir framúrskarandi menntun í skóla- og frístundastarfi (Menntastefna Reykjavíkurborgar, 2019).*

Álfþaborg er leikskóli fjölbreytileikans þar sem börn, foreldrar og kennarar koma frá mismunandi heimshornum. Fjallað er um ólík þjóðerni, lönd og siði en jafnframt er fjallað um mikilvægi umburðarlyndis. Markmiðið er að kynnast löndum, þjóðernum, menningu, s.s. söng, tónlist, bókmenntum, mat og tungumálum. Elstu börn leikskólans taka saman þátt í verkefni þar sem þau skyggjast inn í heimamenningu hvert hjá öðru. Saman vinna þau að stórrí hátiðarabók og fær hvert barn heila opnu fyrir sig, þar sem þau segja frá uppáhaldshátíð sinni. Þau fara heim með bókina og vinna í samvinnu við foreldra sína. Þar taka börnin fram hvaða hefðir tengjast hátíðinni, hvað er mikilvægast og af hverju þessi hátíð er í uppáhaldi.

Áhersla er lögð á að læra hvert af öðru, fagna fjölbreytileikanum og verða víðsýnni. Einnig er áhersla á hvað við eigum sameiginlegt og vinátta efld. Foreldrar hafa verið virkir í að kynna sína þjóðmenningu í leikskólanum. Skjávarpinn gerir börnunum kleift að ferðast til landa á Street Map.

Í gegnum tíðina hafa ýmsar hefðir skapast sem lita starfið.

Sumar hefðirnar tengjast menningu og þjóð, t.d. undirbúningur jólanna, þorablót, bollu-, sprengi- og öskudagur og lýðveldisdagurinn.

Aðrar hefðir hafa myndast vegna viðburða hjá Reykjavíkurborg og má þar nefna Barnamenningarhátíðina. Síðan eru ýmsir dagar eins og dagur náttúrunnar, dagur íslenskrar tungu, dagur leikskólans sem haldið er upp á með margvíslegu móti. Nýjar hefðir hafa orðið til í áranna rás og má þar nefna íþróttadag í júní, útskrift elstu barnanna, afmæli skólans, bangsaday, vasaljósaday, röndóttan dag og fleiri litadaga, blómaball og sumarhátíð.



## Lýðræði, jafnrétti og mannréttindi

*Lýðræðislegt leikskólastarf byggist á jafnrétti, fjölbreytileika, samábyrgð, samstöðu og viðurkenningu fyrir ólíkum sjónarmiðum. Þar eiga börn að finna að þau eru hluti af hópi og samfélagi þar sem réttlæti og virðing einkenna samskipti. Litið er á börn sem virka borgara og þátttakendur þar sem hver og einn fær tækifæri til að leggja sitt af mörkum til að hafa áhrif á umhverfi sitt (Mennta- og barnamálaráðuneytið, 2024).*

Markmið með jafnréttisáætlun leikskólans Álfaborgar er að tryggja jafnan hlut kynjanna í leikskólanum sem gerir það að verkum að börnin venjast því að öll kyn hafi sama rétt. Áhersla er lögð á jákvæð og uppbyggileg samskipti meðal barnanna, starfsfólksins og við foreldra barnanna. Einnig er lögð áhersla á að hver og einn starfsmaður fái tækifæri til að virkja áhugasvið sitt sem skilar sér í því að börn og fullorðnir verða ánægðari (Álfaborg, 2019).

Samkvæmt *Aðalnámskrá leikskóla* eiga börnin að fá tækifæri til að taka virkan þátt í samræðum um almenn málefni og í heimspekilegum umræðum. Hlusti hvert á annan og skiptist á skoðunum. Einnig á að leggja áherslu á börnin læri að bera ábyrgð á sjálfum sér og gjörðum sínum, vinni saman og aðstoði hvert annað. Mikilvægt er að þau geti haft áhrif á leikskólastarfið eins og um val verkefnum og vinnubrögðum.

Leikskólinn er lýðræðislegt samfélag og mikilvægt að efla skilning barnanna á því hvað lýðræði er og að þau séu virkir þátttakendur í daglegu starfi.

Kennarar eiga að hlusta á þau, grípa hugmyndir þeirra og aðstoða við að koma þeim í framkvæmd. Þannig geta börnin haft áhrif á verkefnaval. Upplifunin að geta haft áhrif valdeflir og styrkir börnin. Mikilvægt er að ólíkar skoðanir heyrist, að börnin geti hlustað á skoðanir annarra og læri að virða þær. Öll börn hafa sömu tækifæri og læra að vinna saman.

Í dagskipulagi deilda er sveigjanleiki til að koma móts við þarfir og hugmyndir barnanna. Þau taka þátt í því að velja bækur og sönglög í samverustundum og í vali á verkefnum í daglegu starfi. Hluti af starfinu eru samræður og heimspekilegar umræður við börnin.





## Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

*Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna (1989) fjallar um mannréttindi barna og er alþjóðlegt barnvænt sjónarmið okkar tíma. Í sáttmálanum eru ýmis mikilvæg grundvallarréttindi barna og samkvæmt honum eru börn sjálfstæðir einstaklingar með fullgild réttindi. Hann á að tryggja að öllum börnum upp að 18 ára aldri sé veitt sérstök vernd og umönnun (Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, 1989).*

Leikskólastarfið byggir á grunngildum barnasáttmálans sem eru vernd, umönnun og þátttaka barna. <https://www.barnasattmali.is/>

Markmiðin eru að börnin séu meðvituð um eigin réttindi og þau séu virkir þátttakendur í samfélaginu frá unga aldri. Veggspjaldið „Barnasáttmálinn í myndum“ er undirstaðan í vinnu leikskólans með Barnasáttmálann. Veggspjaldið hangir uppi á vegg á deildum, vel sýnilegt og í hæð barnanna. Það skapar umræður og er vettvangur fyrir vangaveltur um réttindi barna, sem fléttast síðan oftast en ekki inn í samverustundir.

Einnig er unnið með myndir úr daglegu starfi til þess að tengja sáttmálann við daglegt líf í leikskólanum.

Áhersla er lögð á að börnin skynji og skilji að þau megi segja skoðanir sínar og deila hugmyndum með öðrum, öll börn hafa jöfn tækifæri. Byrjað er að vinna með greinar nr. 12 og 29 með yngstu börnunum, næst bætast við greinar nr. 8, 12 og 13. Að lokum er farið í allar greinar sáttmálans og unnið með hann þannig að börnin fari að sjá rauða þráðinn í honum og nái að byggja brú milli gilda/dygða/einkunnarorða leikskólans og barnasáttmálans.



## Samstarfsfélagar

Leikskólinn Álftaborg á í samstarfi við ýmsar stofnanir og fyrirtæki. Þetta samstarf er oft í tengslum við ákveðin viðfangsefni eða uppákomur.

- Öflugt samstarf er við Álftamýrar-skóla, íþróttafélagið Víking og frístundaheimilið Álftabæ.
- Samstarf er við leikskóla hverfisins.
- Borgarbókasafnið í Kringlunni tekur vel á móti leikskólabörnunum og það samstarf hefur blómstrað.
- Slökkviliðið á höfuðborgarsvæðinu kemur í heimsókn og fræðir elsta árganginn um eldvarnir.
- Á hverju ári kemur fræðsluefni fyrir elsta árgang frá Umferðarskólanum. Kennarar sjá um fræðsluna.
- Sinfóníuhljómsveit Íslands býður elsta árgangi leikskólanna á tónleika.
- Þjóðleikhúsið og Borgarleikhúsið bjóða elsta árgangi leikskólanna í heimsókn með stuttri leiksýningu.
- Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn er orðinn einn af föstum liðum í starfi leikskólans.
- Harpa tekur á móti leikskólabörnum og Barnamenningarhátíð er haldin þar.
- Þjóðminjasafnið og Árbæjarsafnið eru heimsótt reglulega.
- Listasöfn og önnur menningarsöfn eru heimsótt, oft í tengslum við verkefni.

Leikskólinn tekur þátt í ýmsum viðburðum eins og degi íslenskrar tungu, degi íslenskrar náttúru, degi leikskólans, stóra leikskóladeginum, barnamenningarhátíð og lestrarhátíð.





## Tengsl milli skólastiga

*Í Aðalnámskrá leikskóla (Mennta- og barnamálaráðuneytið, 2024) segir m.a.: „Ef flutningur barna úr leikskóla í grunnskóla á að vera farsæll þarf að undirbúa hann vel fyrir og eftir lok leikskólanáms. Leikskólabörn eiga að fá tækifæri til að kynnast umhverfi og starfi grunnskólans meðan þau eru enn í leikskóla og viðhalda góðum tengslum við leikskólann eftir að grunnskólanám hefst.“*

Mikil og góð samvinna er á milli Álfþaborgar og Álfþamýrarskóla sem hefur eflst með hverju ári og er núna fastur liður í starfi skólanna. Markmiðið með öflugum samstarfi skólastiganna er að búa börnin vel undir áframhaldandi skólagöngu, auðvelda þeim fyrstu skrefin í grunnskólanum og jafnframt stuðla að farsælu námi þeirra. Að vori er samráðsfundur kennara beggja skólastiga þar sem endurmat fer fram og áætlun og markmið fyrir næsta skólaár eru ákveðin. Aðstoðarskólastjóri Álfþamýrarskóla tekur á móti elsta árgangi leikskólans bæði að hausti og vori. Hann sýnir þeim grunnskólann. Yfir veturinn fara þau síðan í íþróttatíma með 10. bekk og valstund með 1. bekk. Þannig kynnast þau skólaumhverfinu betur. Á degi íslenskrar tungu koma nemendur úr 5. bekk og lesa fyrir öll börnin í leikskólanum. Í desember er elstu börnum leikskólans boðið á aðventuhátíð í Álfþamýrarskóla, sem tengist útinámi. Þá er poppað yfir opnum eldi, sagðar sögur í trjálandi og gerðar vísindatilraunir. Síðan er farið í hreyfileiki og að lokum er boðið upp á heitt kakó og smákökur.

Fyrir jólin koma nemendur 1. bekkjar í heimsókn í leikskólann og skiptast á jólakortum. Börnin syngja jólalög og leika saman. Síðan er farið í hreyfileiki og að lokum er boðið upp á heitt kakó og smákökur.

Búið er að samræma yfir allt hverfið hvaða upplýsingar fylgja barni yfir í grunnskólann. Unnið var að því í sameiningu og fyllt út í staðlað skjal. Barnið sjálft, foreldrar og kennarar setja inn upplýsingarnar.

Helstu atriðin í þessu skjali eru: *nafn og kennitala, móðurmál, sérstök áhugamál, skemmtilegt að gera, ég er fær í, leiðinlegt/erfitt að gera, helstu vinir, sjálfshjálp, félagsfærni, málproski, hreyfiproski, niðurstöður úr HLJÓM-2, fjöldi bókstafa sem barnið þekkir, talnaskilningur og athugasemdir frá foreldrum. Jafnframt er ljósmynd af barninu og teiknuð sjálfsmynd.*

Lóð Álfþabæjar er nýtt fyrir hádegi. Deildirnar fara með minni hópa í útinám og leiki.

## Sérkennsla

*Hvert barn er einstakt og hefur sínar eigin þarfir, styrkleika og áskoranir. Sum börn þurfa aukinn stuðning til að dafna, líða vel og njóta sín í daglegu lífi. Betri borg fyrir börn felur í sér að tryggja samfellda, öfluga og samþætta þjónustu þar sem börn, foreldrar og starfsfólk leik- og grunnskóla fá markvissa ráðgjöf og stuðning. Með samvinnu ólíkra fagaðila er leitast við að skapa umhverfi sem styður við þroska, vellíðan og tækifæri allra barna (<https://reykjavik.is/betri-borg-fyrir-born>).*

Börn sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda eru metin með viðeigandi matstækjum í samráði við foreldra. Stuðningsaðilar sjá um gerð einstaklingsnámskrár og markmiðssetningar í samvinnu við sérkennslustjóra sem er nýtt sem leiðarvísir í kennslu barnanna.

Teymisfundir fyrir hvert stuðningsbarn eru haldnir á sex vikna fresti eða eftir því sem þörf þykir og í teyminu eru foreldrar, stuðningsaðilar, sérkennslustjóri, deildarstjóri og sérkennsluráðgjafi Norðurmiðstöðvar. Á teymisfundum er farið yfir stöðu barns, framfarir og áframhaldandi vinnu. Mikilvægt er að góð samvinna sé á milli foreldra, leikskóla og annarra sérfræðinga sem vinna með barnið. Á þann hátt vinna allir saman með velferð barnsins í huga.

Mikilvægt er að öll börn finni að þau eru fullgild í hópnum og því fer sérkennslan fram að mestu leyti innan barnahópsins.

Börn læra best í leik og því mikilvægt að þau fái örvun í daglegu starfi og allir kennarar bera jafna ábyrgð. Í Álfaborg er lögð áhersla á snemmtæka íhlutun og að brugðist sé strax við því ef börn þurfa á sérstökum stuðningi að halda.

Ef grunur leikur á fráviki í þroska barns er haft samband við sérfræðinga um frekari ráðgjöf í samráði við foreldra. Í Norðurmiðstöð er sérfræðiteymi sem sér um greiningar og veita ráðgjöf og sérkennslustjóri er tengiliður leikskóla og foreldra við teymið. Lausnarteymisfundir með ráðgjöfum Norðurmiðstöðvar eru haldnir á sex vikna fresti. Á fundina koma þeir ráðgjafar sem þörf þykir á hverju sinni en það geta verið talmeinafræðingur, sálfræðingur, sérkennsluráðgjafi og/eða hegðunarráðgjafi og funda með sérkennslustjóra og deildarstjórum.



## Sérkennsla - frh.

Margs konar skimunartæki eru notuð og má þar nefna Hæfnirammur í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla, TRAS, AEPS, EFI-2 og HLJÓM-2 skimun sem er lögð fyrir fimm ára börn til að meta hljóðkerfis- og málmeðvitund þeirra. Þessi skimun getur greint þau börn sem eru í áhættu vegna lestrarerfiðleika síðar meir. Samræðustundir eru markvisst með öllum börnum og tekin samtöl við elstu börnin þar sem rædd er líðan og upplifun þeirra í leikskólanum. Mat á námi og líðan barna er bæði einstaklingsmiðað og hópmiðað. Einstaklingsmiðað mat byggist á styrkleikum og færni hvers barns með það fyrir augum að efla það og styrkja. Hópmiðað mat er ætlað að styrkja barnahóp eða stöðu einstakra barna í hópnum. Þar þarf meðal annars að meta hvort leikskólastarfið endurspeglir fjölbreytileika barnahópsins og samfélagsins.

Læsi, orðaforði og áhugi barnanna á að skrifa er metið daglega í samtölum við börnin. Börnin eru misjafnlega stödd í læsi og tjáningu. Þau hafa mismunandi áhugasvið sem birtist á ólíkan hátt, þannig að verkefnið er metið mismunandi eftir hverju barni.

Ný lög um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna tók gildi 1. janúar 2022. Markmiðið er að tryggja að börn og forsjáraðilar fái rétta aðstoð frá réttum aðilum á réttum tíma. Fjölskyldum og börnum sem þurfa snemmtækan stuðning er tryggður aðgangur að tengilið farsældar í nærumhverfi barnsins, t.d. í leikskóla eða grunnskóla. Tengiliður farsældar veitir upplýsingar og leiðbeiningar um þjónustu og stuðlar að því að börn og forsjáraðilar hafi aðgang að þjónustu án hindrana. Til að óska eftir samþættri þjónustu geta börn, ungmenni og forsjáraðilar haft samband við tengilið farsældar.



## Fjölskyldan og leikskólinn

*Í Aðalnámsskrá leikskóla segir meðal annars: „Líðan barns í leikskóla er samtvinnuð velferð fjölskyldu þess og heimilis. Sjóðarmið foreldra og framlag þeirra til leikskólastarfs er mikilvægur liður í því að hafa heildarsýn á velferð og vellíðan barna. Þegar börn hefja leikskólagöngu þurfa foreldrar og leikskóli að leggja grunn að samstarfi þar sem umhyggja og velferð barna er höfð að leiðarljósi. Hvatt er til þátttöku fjölskyldna í leikskólastarfi og að byggt sé á þeirri hugmynd að fjölskyldan og leikskólinn séu samstarfsaðilar. Leitast skal við að hlusta eftir sjóðarmiðum foreldra og stuðla að áhrifum þeirra m.a. í gegnum foreldraráð leikskólans og þátttöku í innra mat“ (Mennta- og barnamálaráðuneytið, 2024).*

Mikil áhersla er lögð á gott samstarf við foreldra. Velferð og hagur barnsins er grundvöllur samstarfsins. Ýmsar leiðir eru farnar í upplýsingagjöf til foreldra og má þar nefna tölvupósta, upplýsingatöflu við deildir, símtöl, skráningar og myndir og munnleg samskipti. Áður en barn hefur leikskólagöngu eru foreldrar boðaðir í samtal leikskólaaðstoðarleikskóla- og deildarstjóra. Þar eru lögð drög að öflugu foreldrasamstarfi. Aðlögun barna er einstaklingsmiðuð og hverju barni gefinn góður tími. Miðað er við að foreldrar séu með barninu í fyrstu en fari síðan frá í smá tíma sem lengist smátt og smátt. Að meðaltali tekur aðlögun um eina viku. Bangsinn Ljúfur (dygðardýr), sem tengist lífsleikniáherslum leikskólans, fer heim í helgarferð með börnunum. Honum fylgir bók sem foreldrar skrifa í hvað hann gerði með fjölskyldunni og er svo lesið fyrir hópinn í samverustund. Yngri deildir eru með „Stjörnu vikunnar.“ Þá koma foreldrar með myndir og hluti að heima sem börnin sýna í samverustund.

Foreldrum er jafnframt boðið á margs konar uppákomur, til dæmis foreldrakaffi, sumarhátíð, opið hús, dag leikskólans, sveitaferð (annað hvert ár) og jólaball. Afar og ömmur taka einnig þátt í sérstöku kaffi þeim til heiðurs.

Foreldrasamtöl eru að jafnaði einu sinni á ári á tímabilinu febrúar til mars. Í samtölunum er farið yfir alhliða þroska og líðan barnsins. Boðið er upp samtöl að hausti og ef foreldra óska þess einnig á öðrum tímum. Áherslupættir leikskólans sem foreldrar fá þegar barn byrjar eru til á fjórum tungumálum. Allir sem starfa í leikskólanum skrifa undir þagnarheit sem varir ævilangt. Mikil áhersla er á fullan trúnað um upplýsingar um börnin og fjölskyldur þeirra. Foreldrar eru hvattir til að taka þátt í þróunarverkefnum og þemaverkefnum deilda. Einnig eru foreldrar hvattir til þess að kynna störf sín eða bjóða hópum í heimsókn á vinnustað og það hefur reynst vel og er skemmtilegt.



## Eru fjölskyldur alltaf eins?

Geta verið allskonar, kannski eiga sumir tvær mömmur eða tvo pabba.

Sumar eru dökkar og aðrar ljósar. Sumar fjölskyldur búa ekki á sama stað.



Alveg hægt að vera fjölskylda þó allir búi ekki á sama stað.

## Mat á námi og velferð barna

Í Aðalnámsskrá leikskóla segir meðal annars: „Mat á námi, þroska og velferð barna felur í sér að safnað er upplýsingum um það sem börn fást við og hafa áhuga á, hvað þau vita, geta og skilja. Mat á að beina sjónum að áhuga barna, getu þeirra og hæfni. Börn sýna getu, þekkingu, hæfni og áhuga á ólíkan hátt. Mat á þar af leiðandi að vera einstaklingsmiðað og til þess gert að efla hvert barn.“ Mat á meðal annars að efla sjálfsmynd barns og trú þess á eigin getu, ásamt því að stuðla að jafnrétti til menntunar. Mat sem unnið er í samstarfi leik- skóla, foreldra og barna, stuðlar að betri skilningi og innsýn í námsferli barna, áhuga þeirra og styrkleika (Mennta- og barnamálaráðuneytið, 2024).

Í Álfþaborg er mat á námi og velferð barna samofið starfinu. Leitað er eftir röddum þeirra um flest þau viðfangsefni sem unnið er með. Skipulagi skólans er breytt í samræmi við þann barnahóp sem dvelst þar hverju sinni. Börn taka þátt í skipulögðu starfi og hafa áhrif á framgang verkefna. Fyrir foreldrasamtöl er gerð athugun og skráning á líðan barns, samskiptum, félagsfærni, frumkvæði, þátttöku, virkni, áhuga, sjálfsöryggi, sjálfstæði og styrkleikum.

Einnig eru vináttutengslin skoðuð og hvernig barn leysir ágreining.

Ýmsar skemmtilegar upptakur, t.d. gullkorn sem heyrast, eru jafnframt skráð. Símat er í gangi allt árið á deildarfundum þar sem farið er yfir stöðu barnanna og sérkennslustjóri er með þegar þörf krefur.





## Mat á námi og velferð barna - frh.

### Uppeldisfræðilegar skráningar í leik og starfi barna

Skráningar á leikskólastarfi er góð leið til að meta starfið en samkvæmt Aðalnámsskrá leikskóla á mat að styðja við nám barna og vellíðan þeirra. Leikskólakennarar og annað starfsfólk leggur áherslu á að skrá niður styrkleika og færni barna með því að fylgjast með þeim í daglegu starfi, taka myndir og skrifa niður hvað átti sér stað. Í Álfaborg er hvert barn með sína ferilmöppu sem fylgir því í gegnum leikskólaárin. Í möppuna fara ýmsar skráningar á leik og daglegu starfi barnanna ásamt listaverkum, ljóðum og sögum. Hver skráning er eins konar frásögn af því sem átti sér stað með myndum og ummælum barnanna. Möppurnar eru sýnilegar og við hvetjum börn og fjölskyldur þeirra til að skoða þær saman þegar tækifæri gefst til. Tilgangurinn með ferilmöppum er að safna saman fjölbreyttu efni um leikskólagöngu barnanna sem sýnir þroskasögu þeirra, styrkleika, færni, vináttu og dæmi um það sem þau fengust við í lífi og starfi þessi ár.

Þegar börnin útskrifast eða flytjast í annan leikskóla fá þau möppurnar með sér og verða þær dýrmætar minningar um fyrstu skólagöngu þeirra.

### Hlutverk leikskólakennara í skráningum

Með því að fylgjast með börnum í leik og starfi og skrá það, fá kennarar og annað starfsfólk dýrmæta sýn á það hverju börnin hafa áhuga á, hvaða færni þau hafa, styrkleika þeirra, hvernig þeim líður og hvernig samskipti þeirra eru við önnur börn, sem dæmi. Með þessa vitneskju geta kennarar og annað starfsfólk þróað starfið með börnunum, aðlagð námsumhverfið að þeim og áttað sig á námsmarkmiðum fyrir barna-hópin hverju sinni. Mikilvægt er að kennarar og annað starfsfólk átti sig á mismunandi þroska og fjölbreyttum tjáningarmáta barna og taki mið af því við gerð skráningar.

*Lýðræðislegt leikskólastarf byggist á jafnrétti, fjölbreytileika, samábyrgð, samstöðu og viðurkenningu fyrir ólíkum sjónarmiðum. Þar eiga börn að finna að þau eru hluti af hópi og samfélagi þar sem réttlæti og virðing einkenna samskipti. Litið er á börn sem virka borgara og þátttakendur þar sem hver og einn fær tækifæri til að leggja sitt af mörkum til að hafa áhrif á umhverfi sitt (Mennta- og barnamálaráðuneytið, 2024).*

## Innra og ytra mat

### Innra mat

Í Álftaborg er starfandi matsteymi sem er skipað af kennurum og foreldrum. Teymið fundar reglulega og gerir matsáætlun til fjögurra ára, útbýr matslista til að meta innra starf, starfsaðferðir og aðstöðu í skólanum. Starfsfólk útfyllir listana sem eru síðan yfirfarnir og útbúin umbótaáætlun ef þörf krefur.

### Ytra mat

Skóla- og frístundasvið hefur eftirlit með leikskólum Reykjavíkurborgar, þ.e. hvort þeir starfi samkvæmt lögum um leikskóla, reglugerðum og aðalnámskrá leikskóla. Skóla- og frístundasvið sendir út ýmsar kannanir sem eru lagðar fyrir foreldra og kennara. Einnig er gert heildarmat þar sem stuðst er við ákveðin viðmið sem finna má í ritinu „Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs“. Mennta- og barnamálaráðuneytið gerir einnig ytra mat á leikskólum.





## Stuðningsefni

Álfaborg. (2019). *Jafnréttisáætlun Álfaborgar*.

Ásthildur Björg Jónsdóttir, Ellen Gunnarsdóttir og Gunndís Ýr Finnbogadóttir. (2014). *Verum græn – Ferðalag í átt að sjálfbærni*. Edda útgáfa.

Barnaheill. (e.d.). *Vinátta*. Barnaheill. <https://barnaheill.is/vinata/>

Hólmfríður K. Sigmarsdóttir. (2021). *Ræður fagleg sýn leikskólakennara för varðandi nám ungra barna í leikskólum á Íslandi?* Skólaþræðir. <https://skolathraedir.is/2021/09/12/raedur-fagleg-syn-leikskolakennara-for-vardandi-nam-ungra-barna-i-leikskolum-a-islandi/>

Kennarasamband Íslands. (2022). *Síðareglur KÍ*. <https://www.ki.is/um-ki/stefna-ki/sidareglur/>

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013.

Mennta- og barnamálaráðuneytið. (2024). *Aðalnámskrá leikskóla 2024*.

Betri borg fyrir börn (BBB). Vefsíða Reykjavíkurborgar.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur. (e.d.-a). *Einelti í skóla- og frístundastarfi*. <https://reykjavik.is/einelti-i-skola-og-fristundastarfi>

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur. (e.d.-b). *Fjölmennning í skóla- og frístundastarfi*. <http://reykjavik.is/fjolmenning-i-leikskola>

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur. (e.d.-c). *Foreldrasamstarf í leikskóla*. <https://reykjavik.is/leikskolar/foreldrasamstarf>

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur. (e.d.-f). *Mat á leikskólastarfi*. <https://reykjavik.is/mat-skola-og-fristundastarfi>

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur. (2013). *Lesið í leik - læsisstefna leikskóla*. [http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis\\_skjol/skjol\\_utgefid\\_efni/L\\_sisstefna\\_0.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/L_sisstefna_0.pdf)

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur. (2014). *Heimurinn er hér*. [http://reykjavik.is/sites/default/files/fjolmenningarstefna\\_uppsett.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/fjolmenningarstefna_uppsett.pdf)

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur. (2016). *Menntastefna Reykjavíkur*. [https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis\\_skjol/skjol\\_frettir/starfsaaetlun\\_sfs\\_2016\\_loka\\_heild.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_frettir/starfsaaetlun_sfs_2016_loka_heild.pdf)

## Stuðningsefni

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. (2017). *Stefna og starfsáætlun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar 2017*. [https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis\\_skjol/skjol\\_utgefid\\_efni/starfsaaetlun\\_sfs2017\\_lokaeintak\\_m\\_fskj.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/starfsaaetlun_sfs2017_lokaeintak_m_fskj.pdf)

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur. (2019). *Um menntastefnu. Menntastefna Reykjavíkurborgar*. <https://menntastefna.is/um-menntastefnu/>

Sonja Kro (ritstjóri). (2007). *Handbók fyrir kennara: Lífsleikni. Leikskólarnir Krógaból, Síðusel og Sunnuból*.

Svava Björg Mörk og Arna H. Jónsdóttir (2022). *Áhrif leiðsagnar á menntun og fagpróun leikskólakennaranema í vettvangsnámi*. Í J. Einarsdóttir (Útg.), *Leikandinn: Greinar um menntun ungra barna* (bls. 57-78). Háskólaútgáfan.







Álftaborg, 2025

Umhyggja - Virðing - Gleði